

Samtök orkusveitarfélaga

Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum SO

Tekið fyrir á aðalfundi 29. apríl 2026.

Núverandi grein	Tillaga að breyttri grein
<p>5. gr. Aðalfundur.</p> <p>Aðalfundur SO hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal hann haldinn á sléttum ártölum. Á aðalfundi starfa starfsnefndir skv. ákvörðun samtakanna, þ.á.m. kjörnefnd.</p> <p>Kjörgengir á aðalfund SO og í stjórn samtakanna eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og starfsmenn sveitarfélaga. Láti aðal- eða varamaður í stjórn af starfi á vettvangi sveitarfélaga, eða hættir í sveitarstjórn, þá fellur umboð hans niður.</p> <p>Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum, svo og starfsmenn sveitarfélaga, halda umboði sínu í stjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum til og með næsta aðalfundi.</p> <p>Stjórn SO skal boða til aðalfundar rafrænum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, drög að skýrslu stjórnar, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um breytingar á samþykktum.</p> <p>Öll aðildarsveitarfélög hafa seturétt á aðalfundi og velja þau áheyrnafulltrúa sína á aðalfund, sem hafa málfrelsi og tillögurétt.</p>	<p>5. gr. Aðalfundur.</p> <p>Aðalfundur SO hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfundur skal halda í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal hann haldinn á sléttum ártölum.</p> <p><u>Að afloknum sveitarstjórnarkosningum er stjórn heimilt að boða til aðalfundar á tímabilinu júní til október. Jafnframt skal stjórn boða til fundar á þessu tímabili ef ef þrjú eða fleiri aðildarsveitarfélög óskað eftir því að aðalfundur sé haldinn og skal þá innan þriggja vikna halda aðalfundinn.</u></p> <p>Á aðalfundi starfa starfsnefndir skv. ákvörðun <u>stjórnar</u> samtakanna, þ.á.m. kjörnefnd.</p> <p><u>Stjórn kemur með tillögu á aðalfundi að kjörnefnd sem aðalfundur kys um og skal kjörnefnd starfa út kjörtímabilið. Kjörnefnd skal skipuð þrem aðilum og þremur til vara og skal það haft til hliðsjónar að fulltrúar endurspegli fjölbreytni og heildarhagsmunum þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja vera eins jafnt og kostur er.</u></p> <p><u>Kjörnefnd óskar eftir framboðum til stjórnar samhliða fundarboði aðalfundar og leggur fram tillögu að stjórn þremur dögum fyrir</u></p>

aðalfund sem aðalfundur tekur síðan til afgreiðslu. Heimilt er hverjum sem áhuga hefur að bjóða sig fram til stjórnar og skal þá aðalfundur kjósa á milli þeirra sem kjörnefnd hefur lagt til og þeirra sem boðið hafa sig fram. Stjórn skal útbúa erindisbréf fyrir kjörnefnd þar sem fram kemur nánari skilgreining á s.s. hvað átt er við með fjölbreytni og heildarhagsmunum.

Kjörgengir á aðalfund SO og í stjórn samtakanna eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og starfsmenn sveitarfélaga. Láti aðal- eða varamaður í stjórn af starfi á vettvangi sveitarfélaga, eða hættir í sveitarstjórn, þá fellur umboð hans niður.

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum, svo og starfsmenn sveitarfélaga, halda umboði sínu í stjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum til og með næsta aðalfundi. Á þeim tíma skal eingöngu framkvæma ákvarðanir sem þola enga bið enda sé heimild til afgreiðslu málsins í samræmi við stefnumörkun samtakanna sem og fjárhagsáætlun. Ef ekki ber að boða til fundar aðildarsveitarfélaga og leita afstöðu þeirra áður en ákvörðun er tekin.

Stjórn SO skal boða til aðalfundar með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, drög að skýrslu stjórnar, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um breytingar á samþykktum.

Öll aðildarsveitarfélög hafa seturétt á aðalfundi og velja þau áheyrnafulltrúa sína á aðalfund, sem hafa málfrelsi og tillögurétt.

9. gr. Orkufundur.

Árlega skal halda orkufund. Orkufundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Orkufundur er öllum opinn og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SO en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

9. gr. Orkufundur.

~~Árlega skal halda orkufund.~~ Halda skal orkufund a.m.k. annað hvert ár. Orkufundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Orkufundur er öllum opinn og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SO en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

10. gr. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn SO skal skipuð fimm aðilum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr. g-liður 7. gr. Aðalfundur kýs formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar skal skipa varaformann, ritara og gjaldkera. Komi fram tillögur um fleiri stjórnarmenn en fimm skal kosið milli þeirra og ræður afl atkvæða. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu á þann veg að skilyrði um hlut beggja kynja í stjórn eða varastjórn sé ekki uppfyllt skal færa þann af því kyni sem fleiri eru af í stjórn eða varastjórn og fæst atkvæði fékk, úr stjórn eða varastjórn en taka í staðinn inn þann frambjóðanda af gagnstæðu kyni sem flest atkvæði fékk án þess að ná kjöri. Skal endurtaka þetta þar til ofangreindu jafnvægi milli kynja er náð. Að aflokinni slíkri leiðréttingu telst stjórn og varastjórn réttkjörin.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SO eða lætur af störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.

10. gr. Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga.

Stjórn SO skal skipuð fimm aðilum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr. g-liður 7. gr. Aðalfundur kýs formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar skal skipa varaformann, ritara og gjaldkera. Komi fram tillögur um fleiri stjórnarmenn en fimm skal kosið milli þeirra og ræður afl atkvæða. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár.

Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni og heildarhagsmuni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum orkusveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Verði niðurstaða atkvæðagreiðslu á þann veg að skilyrði um hlut beggja kynja í stjórn eða varastjórn sé ekki uppfyllt skal færa þann af því kyni sem fleiri eru af í stjórn eða varastjórn og fæst atkvæði fékk, úr stjórn eða varastjórn en taka í staðinn inn þann frambjóðanda af gagnstæðu kyni sem flest atkvæði fékk án þess að ná kjöri. Skal endurtaka þetta þar til ofangreindu jafnvægi milli kynja er náð. Að aflokinni slíkri leiðréttingu telst stjórn og varastjórn réttkjörin.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SO eða lætur af störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.

Bráðabirgðaákvæði

Þrátt fyrir önnur ákvæði samþykktanna skal á aukaaðalfundi Samtaka orkusveitarfélaga 29. apríl 2026 kjósa kjörnefnd sem tekur þá til starfa fyrir næsta aðalfund í samræmi við hina breyttu samþykkt.